

Jarðfræðiþjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Laxárdalshreppi (3804) í Dalasýslu



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/016

Ágúst 2014

Inngangur

Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Laxárdalshreppi hinum forna. Þær eru 22 að tölu. Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar þeirra eru sýndar á 1., 2., 3, 4. og 5. mynd.

1. tafla. Borholur í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33601	ÞS-01	Þorbergsstaðir	33	1990	65° 03.493	21° 45.790
33602	ÞS-02	Þorbergsstaðir	39	2010	65° 03.881	21° 46.127
34361	RS-01	Hrútsstaðir	40	2001	65° 04.190	21° 46.404
33402	DB-02	Kamsnes	54	1996	65° 04.260	21° 49.939
33516	ÁS-01	Ás	47	2008	65° 04.784	21° 46.177
33403	DB-03	Saurar	54	1996	65° 05.090	21° 45.168
33531	SF-01	Sauðhús	66,5	1974	65° 06.006	21° 44.433
33532	SF-02	Sauðhús	29,5	1974	65° 06.006	21° 44.433
33621	SH-03	Sauðhús	42	1990	65° 06.361	21° 43.836
33622	SH-04	Sauðhús	75	2010	65° 05.994	21° 44.740
33522	HS-01	Höskuldsstaðir	23	1964	65° 06.357	21° 42.784
33523	HS-02	Höskuldsstaðir	28	1971	65° 06.382	21° 42.788
34341	LS-01	Leiðólfstaðir	96	2001	65° 07.543	21° 37.710
33611	ÞK-01	Þrándarkot	36	1990	65° 08.128	21° 36.245
33612	ÞK-02	Þrándarkot	138	2001	65° 08.134	21° 36.252
33681	PS-01	Pálssel	33	1990	65° 12.217	21° 26.517
33501	BD-01	Fjós	102	1976	65° 06.649	21° 46.299
33511	FJ-01	Fjós	9	1958	65° 06.342	21° 45.526
33404	DB-04	Vígholtsstaðir	54	1996	65° 08.961	21° 40.120
33405	DB-05	Hjarðarholt	54	1996	65° 07.431	21° 40.888
33631	LS-01	Ljárskógar	33	1990	65° 08.315	21° 43.669
33632	LS-02	Ljárskógar	31,5	1990	65° 10.383	21° 42.383




1. mynd. Staðsetning allra borholna í Laxárdalshreppi.



2. mynd. Staðsetning borholna í Köldukinn, Þorbergsstöðum, Hrútsstöðum, Kambsnesi, Ási og Saurum.



3. mynd. Staðsetning borholna að Fjósum, Ljárskógum, Sauðhúsum, Höskuldsstöðum, Leiðólfsstöðum, Hjarðarholti og Prándarkoti.



4. mynd. Staðsetning borholna í Ljárskógum og Vígholtsstöðum.



5. mynd. Staðsetning borholu í Pálsseli.

ÞS-01 - Þorbergsstaðir

Borhola ÞS-01 er á lágu klapparholti austan við vegslóðann niður að Lækjarskógi um 750 metra suðaustur af Þorbergsstöðum. Holan er aðeins 3-4 metra frá veginum. Hún er í sæmilegu ástandi.



6. mynd. Borhola ÞS-01 á Þorbergsstöðum. Þorbergsstaðabærinn í baksýn.

ÞS-02 - Þorbergsstaðir

Borhola ÞS-02 er 125 m norður af bænum og undir lágu klettaholti. Plastfiskikari hefur verið hvolft yfir holuna. Í henni er dæla og vatnið nýtt.



7. mynd. Borhola ÞS-02 á Þorbergsstöðum. Þorbergsstaðabærinn í baksýn.

RS-01 - Hrútsstaðir

Borhola RS-01 er rétt við þjóðveginn um 75 m norðaustur af bænum. Í holunni er dæla og vatnið nýtt. Ástand holunnar er gott.



8. mynd. Borhola RS-01 á Hrútsstöðum. Hrútsstaðabærinn í baksýn.

DB-02 - Kambsnes

Borhola DB-02 er yst á Kambsnesi og er þar á klöppum niður í fjöru. Fóðurrörið er ryðgað í sundur og dottið af. Kambsnes er eyðijörð í eigu ábúenda á Hrútsstöðum.



9. mynd. Borhola DB-02 á Kambsnesi. Horft í norður.

ÁS-01 - Ás

Borhola ÁS-01 er austan við skemmu sem er austan við bæjarhúsin. Holan er í góðu ástandi og hefur verið máluð. Í holunni er dæla og vatnið nýtt. Ás var upphaflega skipt út úr Kambsnesi á tuttugustu öld.



10. mynd. Borhola ÁS-01 í Ási. Bæjarhúsin í baksýn.

DB-03 - Saurar

Borhola DB-03 er í vegskeringu ofan við þjóðveginn um 300 innan við bæinn Saura. Kalt vatn vætlar upp úr holunni. Holan er farin að láta á sjá.



11. mynd. Borhola DB-03. Í fjarlægð sést í Saurabæinn.

SF-01 - Sauðhús

SF-02 - Sauðhús

Borholur SF-01 og SF-02 eru í sama planinu. SF-01 er 6" víð en SF-02 er 3" víð. Holurnar eru úti í mýrarflóa sem er fremur þurr á köflum. Staðurinn er um 960 metra vestnorðvestur af Sauðhúsum. Steinrör er kringum holu SF-01 og SF-02 hefur verið boruð í gegnum steyp plan við rörið. Húskofi hefur upphaflega verið reistur yfir holurnar en hann er að mestu fallinn. Ástand er allt hið hörmulegasta. Holurnar eru ekki nýttar og í reynd eru þær ónýtar. Holurnar voru notaðar fyrir vatnsveitu í Búðardal.



12. mynd. Borholur SF-01 og SF-02 á Sauðhúsum. Horft inn Laxárdal.



13. mynd. Borholur SF-01 og SF-02 á Sauðhúsum. Sauðhús í baksýn.

SH-03 - Sauðhús

Borhola SH-03 er við Laxá allnokkurn spöl norðnorðvestur af Sauðhúsum (um 1,1 km). Holan er við flúð í ánni og er uppi í hallanum suður af henni. Hún er að hverfa í gras og erfitt að finna hana. Annars er hún í þokkalegu ástandi.



14. mynd. Borhola SH-03 á Sauðhúsum.



15. mynd. Borhola SH-03 á Sauðhúsum.

SH-04 - Sauðhús

Borhola SH-04 er við suðausturhornið á sumarhúsi í Sauðhúshvammi. Það eru ekki nema 5-6 metrar í húsið. Í holunni er dæla og vatnið nýtt. Holan er í góðu ástandi.



16. mynd. Borhola SH-04 á Sauðhúsum.



17. mynd. Borhola SH-04 á Sauðhúsum.

HS-01 - Höskuldsstaðir

Borhola SH-01 er um 700 m norðnorðaustur af Höskuldsstöðum vestan við vegslóða niður að Laxá. Holan er í steyptri þró og sést ekki í hana. Hún er ónýt en var fyrrum nýtt fyrir vatnsveitu Búðardals.



18. mynd. Borhola HS-01 á Höskuldsstöðum. Horft út Laxárdal.

HS-02 - Höskuldsstaðir

Borhola HS-02 er um 50 metra norður af HS-01. Holan er í skúrbyggingu og er ekki nýtt. Ástand hennar er mjög slæmt. Var áður notuð fyrir vatnsveitu Búðardals.



19. mynd. Borhola HS-02 á Höskuldsstöðum.



20. mynd. Borhola HS-02 á Höskuldsstöðum. Höskuldsstaðabærinn í fjarska.

LS-01 - Leiðólfstaðir

Borhola LS-01 er við trjálund skammt innan við gamla íbúðarhúsið á Leiðólfsstöðum. Holan sést illa en í henni er dæla og vatnið nýtt. Holan er í þökkalegu ástandi.




21. mynd. Borhola LS-01 á Leiðólfsstöðum.



21. mynd. Borhola LS-01 á Leiðólfsstöðum.

ÞK-01 - Þrándarkot

Borhola ÞK-01 er ofan og innan við veiðihúsið að Þrándargili. Holan stendur upp úr grasflöt um 10 metra frá húshorninu og sést vel. Hún er í góðu ástandi. Nafni bæjarins virðist hafa verið breytt úr Þrándarkoti í Þrándargil þegar veiðihúsið var byggt.



22. mynd. Borhola ÞK-01 á Þrándargili.

ÞK-02 - Þrándarkot

Borhola ÞK-02 er í sömu grasflöt og hola ÞK-01 en neðar og á móts við efri enda veiðihússins. Hlaðið hefur verið upp að henni og sést hún illa. Í henni er dæla og vatnið er nýtt. Ástand holunnar er þokkalegt. Þessi borhola var boruð fyrir köldu vatni en ekki sem hitastigulshola eins og stendur í borholuskrá Orkustofnunar.



23. mynd. Borhola ÞK-02 á Þrándargili.



24. mynd. Borhola ÞK-02 á Þrándargili.

PS-01 - Pálssel

Borhola PS-01 er í eystri árbakka Laxár. Holan er fáeina metra innan við Borgarlæk sem er á merkjum milli Pálssels og Dönustaða. Þessi staður er skammt fyrir ofan klapparnef sem skagar út í Laxá gegnt réttinni að Hömrum. Holan er í þokkalegu ástandi.



24. mynd. Borhola PS-01 í Pálsseli. Réttin á Hömrum er á klettunum handan Laxár og Borgarlækur er til vinstri.



25. mynd. Borhola PS-01 í Pálsseli.

DB-04 - Vígholtsstaðir

Borhola DB-04 er við heimreiðina um 350 m austur af Vígholtsstöðum. Hún er austan við veginn og í skurðenda. Holan er í þökkalegu ástandi.



26. mynd. Borhola DB-04. Vígholtsstaðir í baksýn.

DB-05 - Hjarðarholt

Borhola DB-05 er á lágu holti neðan við vatnslögn allnokkur spöl innan og neðan við Hjarðarholt (um 880 metra). Holan er í góðu ástandi.



27. mynd. Borhola DB-05 í Hjarðarholti. Leiðólfsstaðir í baksýn.

BD-01 - Fjós

Borhola BD-01 var á steyptum bakka við nyrðra hornið á Leifsbúð og sjávarmegin. Holan er horfin. Nú er búið að umróta svæðinu og gera að útivistarsvæði við Leifsbúð.



28. mynd. Borhola BD-01 á Fjósum (Búðardal). Ljósm. Haukur Jóhannesson.



29. mynd. Borhola BD-01 á Fjósum (Búðardal). Holan var þar sem rauði hringurinn er.



30. mynd. Borhola BD-01 á Fjósum (Búðardal). Holan var þar sem rauði hringurinn er.

FJ-01 - Fjós

Borhola FJ-01 er í gömlu túni skammt norðvestur af vatnsgeymum sunnan Búðardals sem þar eru á holti. Holan er á vesturbakka skurðar og hefur verið hlaðið yfir hana til að verja sláttuvélar. Holan sést ákaflega illa.



31. mynd. Borhola FJ-01 á Fjósum (Búðardal). Holan er þar sem örin bendir.



32. mynd. Borhola FJ-01 á Fjósum (Búðardal). Holan er þar sem örin bendir.

LS-01 - Ljárskógar

Borhola LS-01 er á nyrðri árbakka árinna Ljár. Hún er á klöppunum um 10-15 metra neðan við ræsið sem nú er á ánni. Holan er í þokkalegu ástandi.



33. mynd. Borhola LS-01 í Ljárskógum. Ræsi á ánni Ljá á Vestfjarðavegi í baksýn.

LS-02 - Ljárskógar

Borhola LS-02 er á syðri árbakka Fáskrúðar. Holan er við syðri brúarsporðinn á brúnni og ofan við hana. Þar er hún á klöpp í 5-8 metra fjarlægð frá efri vegbrún. Ástand holunnar er þokkalegt.



34. mynd. Borhola LS-02 í Ljárskógum. Brúin á Fáskrúð í baksýn.